




FRÉTTABRÉF APRÍL/MAÍ

Þann 7. maí næstkomandi verður Skólalöping Vatnsendaskóla haldið með þátttöku foreldra, nemenda og starfsmanna. Yfirskrift skólalöpingarinnar verður Hvernig gerum við góðan skóla betri og verður fjallað um jákvæðan skólabrag. Skólalöpingið verður þrískipt með nemendum, starfsfólki og foreldrum. Skólalöpingið með foreldrum verður kl. 17:30 í hátíðarsal skólans. Markmið með skólalöpinginu er að auka lýðræði og gera alla sem koma að skólalöpinginu meðvitaða um að þeir geti haft áhrif og að fá fram þeirra sjónarhorn. Að skólalöpingi loknu verður unnið úr niðurstöðum og þær birtar öllum aðilum og nýttar til að gera góðan skóla betri.

Þemadagar voru haldnir í Vatnsendaskóla í mars og var viðfangsefnið ofurhetjur. Nemendum var skipt upp í hópa þvert á aldur og voru verkefni mjög fjölbreytt, t.d. tilraunir, saumar, ofuríþróttir, bakstur og fleira. Almenn ánægja var með þemadagana og var gaman að sjá hve samvinnan gekk vel þvert á árganga. Viljum við sérstaklega hrósa eldri nemendum fyrir vel unnin störf með yngri börnunum sem stóðu sig einnig mjög vel.



Mikið hefur safnast upp af óskilamunum hér í skólanum. Óskilamunum er safnað í körfur hjá yngsta stigi og viljum við hvetja foreldra til að skoða í körfurnar og athuga hvort eitthvað leynist þar sem þeir eiga.

Kennarar senda núna vikupósta í mentor og sjá foreldrar bréfin þar. Þar er einnig heimavinna skráð ef einhver er.

4. bekkur er að taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni en þar æfa nemendur framsögn og lesa upp texta og ljóð í keppninni. Þetta er góð æfing fyrir börnin.

Bestu kveðjur og gleðilega páska.
Stjórnendur Vatnsendaskóla

**Vatnsendaskóli
er hnetulaus
skóli**

**Páskafrí verður í
skólanum 14. –
22. apríl. Skóli
hefst aftur
þriðjudaginn 23.
apríl samkvæmt
stundatöflu.**

**Mentor appið er
hægt að nálgast
bæði fyrir apple
og android tæki**

**Tilkynna þarf
veikindi
nemenda í síma
441 4000 eða
skrá þau á
mentor.is**

Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar.

Meðlætisbar og ávextir með öllum máltíðum.

1. apríl Kjúklingabitar, kartöflur, grænmeti og sveppasósa.	2. apríl Soðin ýsa, kartöflur og salat.	3. apríl Íslensk kjötsúpa.	4. apríl Fiskborgarar með kartöflubátum.	5. apríl Tex mex pönnukökur með kjöti og grænmeti.
8. apríl Plokkfiskur og rúgbrauð.	9. apríl Kjötbollur, kartöflumús og brún sósa.	10. apríl Grjónagrautur og slátur.	11. apríl Fiskibollur, kartöflur og lauksósa.	12. apríl Hakk og spagetti.
15. apríl Páskafri	16. apríl Páskafri	17. apríl Páskafri	18. apríl Skírdagur	19. apríl Föstudagurinn langi
22. apríl Annar í páskum	23. apríl Nautapottréttur og kartöflumús.	24. apríl Léttsołtuð ýsa, kartöflur og salat.	25. apríl Sumardagurinn fyrsti	26. apríl Lasagne og snittubrauð.
29. apríl Fiskur í kfc hjúp, kartöflur, salat og salsasósa.	30. apríl Kjúklingasnitsel, kartöflur og sveppasósa.			